

2. fundur Skólaráðs – 26. nóvember 2021.

Mættir; Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Linda Rún Skarphéðinsdóttir, fulltrúar foreldra, Tinna Bessadóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins. Birkir Óli Júlíusson, 10.SS og Sunna Björg Harðardóttir, 10.SS, fulltrúar nemendafélagsins, til vara er Gabriel Harasimscuk, Katrín Hallgrímsdóttir og Sólveig Baldursdóttir fulltrúar kennara og Sigurlaug M. Ómarsdóttir, fulltrúi starfsmanna, Valgerður Júlíusdóttir, aðstoðarskólastjóri er ritari.

Dagskrá:

1. Tómsunda- og félagsstarf nemenda kynnt. - Fulltrúar nemendafélags Víðistaðaskóla. –
2. Söngleikurinn – leikstjóri o.fl. –
3. Lýðræðisþing nemenda – fulltrúar lýðræðisnefndar. –
4. Skólaping – undirbúningur frestast fram á næsta ár v. covid
5. Önnur mál

1. Tómsunda- og félagsstarf nemenda kynnt. - Fulltrúar nemendafélags Víðistaðaskóla. – Birkir Óli, Sunna Björg og Gabriel – átti að vera ball fyrir þremur vikum sem var frestað v. mikilla smita í samfélaginu. Mega vera með jólaball. Búið að opna „Bólið“ aðstaða fyrir nemendur í frímínútum, var opnað í síðustu viku. Þau eru búin að vera að mála og taka svæðið í gegn. Sjoppa opin á föstudögum. Fulltrúar skólaráðs ætla að skoða Bólið eftir fundinn.

2. Söngleikurinn – leikstjóri

Ráðinn hefur verið leikstjórinn Kristbjörn Óli – Króli og hefur hann tekið nemendur í áheyrnarprufur nú þegar. Eftir að mannauðurinn hefur verið skoðaður var ákveðið að setja upp söngleikinn Litla hryllingsbúðin og eru æfingar í undirbúningi. Hópurinn verður með atriði á sýningu nemenda fyrir jólin.

3. Lýðræðisþing nemenda

Helstu atriði sem komu fram – umræðuefni:

Hrönn sagði frá þinginu, umræðuefninu og sýndi niðurstöður frá nokkrum hópum.

Unglingastig: Rætt um símabann og reglur varðandi símanotkun í skólanum, salta göngustíga, sund í 10.b er heitt umræðuefni en þau vilja sleppa sundinu í 10.bekk.

Miklar umræður um bílastæði starfsmanna, aðstöðuna fyrir framan skólann og hringtorgið. Bílastæði við kirkjuna er líka fullt, aðkoman að skólanum er ekki góð. Hættulegt fyrir nemendur að hjóla á göngustígum vegna hálfu einnig vantar meiri lýsingu. Hrönn ræddi um endurskinsmerki og mikilvægi þess að nemendur hafi þau á yfirhöfnum sínum. Rætt um að nemendafélagið geti selt endurskinsmerki til fjáröflunar.

Miðstig: Vilja fræðslu um skatta, undirbúa þau betur fyrir framtíðina, heimanám.

Yngsta stig: góð samskipti, skólareglur, skólalóðin, matur í frístund og úrval hjá Skólamat.

4. Skólaþing skólaráðs – rætt og ákveðið að það verði á vorönn 2022 vegna sóttvarna.

5. Önnur mál

Farið var í heimsókn í Bólið sem er nýja aðstaða nemenda í unglingsdeild.

Fleira var ekki rætt – fundi slitið kl.9:00

Næsti fundur verður 21. Janúar 2021

Ritari: Valgerður Júlíusdóttir